

Mættir: Trostan Agnarsson, Helga Þorbjörg Hjálmarsdóttir (varamaður), Iðunn Kolka Gísladóttir (varamaður), Arnar Freyr Brynjarsson, Guðríður Magnúsdóttir og Kristvina Gísladóttir sem ritar fundargerð.

1. Samstarf við foreldrafélagið um miðlun upplýsinga. Fundarmönnum boðið að taka þátt í samstarfinu og ákveðið að Trostan verði fulltrúi skólaráðs og muni starfa með þeim að undirbúningi opins fundar um skólamála.
2. Undirbúningur opins fundar. Talað um mikilvægi þess að fá sveitarstjórnarmenn til að koma og svara spurningum um framtíð skólans.
3. Viðhald skólans, sjá fylgiskjal:

https://www.skagafjordur.is/static/files/Fjarhagsaetlun/2024/fjarhagsaetlun-2024-2027_u tq4_231210_vefur-1-.pdf

Eftirfarandi var bókað eftir nokkrar umræður um málaflokkinn og þróun mála í viðhaldi skólans.

Dropinn holar steininn.

Þetta máltæki er auðskiljanlegt enda flestum kunnugt hvernig vatn vinnur á hinum hörðustu efnunum.

Það má glöggst sjá á Varmahlíðarskóla.

Þar hafa droparnir fengið að vinna sín kyrrlátu verk utanhúss en svo komist inn í hlýjuna og haldið áfram uns för þeirra hefur verið stöðvuð, en ekki hefur alltaf verið farið geyst í að tálma leiðir vatnsins.

Vatnið er ekki eini óvinur skólans. Tíminn telst einnig í þeim hópi, að minnsta kosti þegar hann vinnur af jafn mikilli hörku og hann hefur gert að undanförunu og má heyra hinn þunga nið hans.

Skólahúsið var reist af stórhug og var glæsilegt, síðan eru liðin næstum 50 ár og af einhverjum völdum er það ekki jafn glæsilegt og fyrrum.

Helsta ástæðan er líkast til sú að eðlilegu viðhaldi er slegið á frest, að sögn vegna væntanlegra framkvæmda sem enn hafa þó ekki verið tímasettar en hafa lengi verið taldar í augsýn.

Afurð biðarinnar er hús sem hefur mjög látið á sjá. Vatn hefur fengið að vinna verk sín eins og fyrr hefur verið frá greint. Vindurinn hefur einnig fundið glufur og því gustar oft um nemendur og má nærri geta hversu frískandi það er á vetrardögum dimmum.

Eitt og annað má tilfæra sem mætti bæta eða laga en það verður látið hjá líða í bili þar sem viðhald Varmahlíðarskóla er ekki á dagskrá í fjárhagsáætlun Skagafjarðar.

Þetta er þó sett fram hér til þess að minna á tilvist Varmahlíðarskóla.

Einnig er þetta athugun á því hvort dropinn holi steininn einnig í óeiginlegri merkingu.

4. Umræða um afmælishátíð skólans næsta skólaár. Ef hún verður á skólatíma væri t.d. hægt að fá einhvern frægan til að koma og skemmta, t.d. Ladda. Einnig væri hægt að hafa nokkra litla viðburði yfir skólaárið en hafa einnig einn stóran viðburð. Fá nemendur

með í lið og ákveða hvað hægt sé að gera. Ákveðið var að setja niður plan núna á vordögum m.a. um það hvenær best er að hafa stærstu hátíðina og að setja á skóladagatal næsta árs.

5. Rætt um að hugsanlega þurfi að tilnefna nýjan fulltrúa frá grenndarsamfélaginu.
6. Önnur mál; Guðríður bendir á að fundargerðir skólaráðs frá 17. apríl, 13. mars og 13. febrúar frá síðasta skólaári opnast ekki á heimasíðu skólans. Eru það kerfismistök sem gengið verður í að laga. Einnig var umræða um skíðastrætó og að festa þurfi ferðir hans á dagskrá.